

Hingað og  
**ekki lengra**



# ÁRIÐ Í HNOTSKURN 2010



Alþýðusamband Íslands



## Efnahagsmál

Árið 2009 var eitt það versta í efnahags sögu þjóðarinnar. Landsframleiðslan dróst saman um 6,8%, sem er mesti samdráttur í efnahagslífinu á lýðveldistímanum. Niðurskurður, hagræðing, fjárhagsleg endurskipulagning og gjaldþrot hafa sett svip sinn á íslenskt atvinnulíf. Staðan á vinnumarkaði hefur því verið slæm allt frá bankahruninu haustið 2008. Í kjölfar hrunsins jókst atvinnuleysi á skömmum tíma úr 1,3% í 9,1%. Atvinnuleysið náði hámarki í ársbyrjun 2010 en þá mældist það 9,3% sem jafngildir því að 15.000 manns hafi verið án atvinnu.

Staða heimilanna er mjög erfið. Ráðstöfunartekjur hafa rýrnað mikið síðastliðin tvö ár í kjölfar aukins atvinnuleysis, launalækkana, styttri vinnutíma, skattahækkana og lækkunar á bótum almanna-trygginga auk þess sem verðbólgan hefur dregið enn frekar úr kaupmætti. Kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkaði um 15,5% í fyrra og útlit er fyrir frekari samdrátt á yfirstandandi ári. Á sama tíma hefur skuldabyrði heimilanna aukist verulega. Þröng staða heimilanna endurspeglast í miklum samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingum í íbúðarhúsnæði.

Margt bendir til þess að það versta sé yfirstaðið og botni keppunnar verði náð á seinnihluta þessa árs. Ýmis jákvæð teikn eru á lofti; krónan hefur styrkst, verðbólga hjaðnað, vextir lækkað og dregið hefur úr viðskiptahallanum. Mikil óvissa ríkir þó um þróun efnahagslífsins á næstu misserum. Líkur eru á því að stóriðjuframkvæmdir frestist, ICESAVE-deilan er óleyst og illa gengur að fjármagna framkvæmdir til að koma hjólum efnahagslífsins í gang á ný.



## Samskiptin við stjórnvöld

Samskipti ASÍ við ríkisstjórnina vegna lögbindingar á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða í Starfsendurhæfingarsjóð hafa verið afar stíð. ASÍ samdi við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í febrúar 2008 um að tekin verði upp ákvæði í lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (129/1997) sem skyldi alla á vinnumarkaði, bæði launafólk og einyrkja, að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar með greiðslu gjaldsins. Eftir stjórnarskiptin í maí 2009 var nokkuð hart tekist á um þetta við núverandi ríkisstjórn, þar sem forysta ASÍ gerði oddvitum hennar grein fyrir því að ASÍ ætti ekki erindi inn í stöðugleikasáttmálann ef þetta loforð yrði ekki efnt. Um væri að ræða mikilvæg réttindi allt að þriðjungi félagsmanna ASÍ.

Eftir að samkomulag náðist um verulega seinkun á fjárframlögum ríkisins til sjóðsins, eða frá 2009 til 2013, hét ríkisstjórnin því að beita sér fyrir lögbindingu á greiðsluskyldunni. ASÍ hefur síðan haldið þrýstingi á ríkisstjórn og Alþingi að afgreiða þau frumvörp sem fjármálaráðherra lagði fram í vor. Frumvörpin voru hins vegar stoppuð í þingnefnd og þannig komið í veg fyrir að Alþingi gæti greitt atkvæði um málið. Þetta er óviðunandi að mati ASÍ, sérstaklega í ljósi þess að ef að þeir flokkar sem stóðu að þessu loforði bæði í febrúar 2008 og júní 2009 leggja atkvæði sín saman ætti þeim að vera í lófa lagið að afgreiða málið með miklum meirihluta.

Þegar þetta lá fyrir við þinglok í júní sendi miðstjórn ASÍ frá sér harðorðaða ályktun um beinar van-efndir af hálfu ríkisstjórnarinnar og sagði sig frá öllu samstarfi við ríkisstjórnina á grundvelli stöðugleikasáttmálans. Jafnframt hefur ASÍ lagt áherslu á að trúverðugleiki ríkisstjórnarinnar í samskiptum við verkalýðshreyfinguna sé í húfi verði þetta mál ekki afgreitt sem fyrst.








## Kjarasamningar

Strax í kjölfar ársfundar ASÍ 2009 hófst vinna við lokaendurskoðun kjarasamninganna frá 2008. Forysta sambandsins fór vel nestuð í þá vinnu með ályktunum ársfundarins þar sem áhersla var lögð á að tryggja framgang umsaminna launahækkanna. Í aðdraganda ársfundarins hafði gætt vaxandi óánægju bæði innan ASÍ og SA með aðgerðarleysi stjórnvalda við að hrinda ákvæðum stöðugleikasáttmálans í framkvæmd. Sérstaklega átti þetta við seinagang við samkomulag um verklegar framkvæmdir og ágreining um lækkun vaxta Seðlabankans.

Síðla kvölds þann 27. október gaf ríkisstjórnin einhliða út yfirlýsingu um framvindu sáttmálans, sem að hluta hafði verið niðurstaða samráðs án þess að sátt hafi tekist um allt innihaldið gagnvart atvinnurekendum. Stjórn Samtaka atvinnuflísins hafði fyrr um daginn lýst óánægju sinni með þau drög sem kynnt höfðu verið og vaxandi þrýstingur var á uppsögn kjarasamninga. Samninganefnd ASÍ lagði áherslu á það við stjórnvöld að koma til móts við aðila vinnumarkaðarins og gagnrýndi ríkisstjórnina varðandi skattleysismörkin og þjónustu við atvinnulausa. Rétt fyrir miðnætti tilkynntu fulltrúar SA að samningum yrði ekki sagt upp og þar með hafði samninganefnd ASÍ tekist endanlega að verja kjarasamninginn frá febrúar 2008. Þó launafólk hafi vissulega tekið á sig byrðar vegna seinkanna breytir það ekki þeirri staðreynd, að almennir kauptaxtar verða hér eftir kr. 38.000 hærri en fyrir gerð þessara samninga.

Framundan er gerð nýrra kjarasamninga. Aðstæður eru um margt flóknað og staða okkar við-  
semjenda mjög mismunandi. Á formannafundi ASÍ um miðjan september var samþykkt að ASÍ myndi greina og meta stöðuna og draga upp ólíkar „sviðsmyndir“ um það hvaða kostir eru í stöðunni. Spurningin hljóti m.a. að vera hvort hægt verði að ná víðtæku og raunverulegu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um úrlausn þeirra brýnu mála sem við stöndum frammi fyrir til að bæta kjörin, auka atvinnu og verja velferðarkerfið. Sérstaklega skiptir þróun gjaldmiðilsins miklu máli, því finna þarf leiðir til þess að styrkja krónuna og þar með lækka verðlag og skuldir heimila og fyrirtækja.





## Skipulagsmál

Farin var ferð um landið á fyrstu mánuðum ársins 2010 og fundað um skipulagsmál með stjórnun, varastjórnun og trúnaðarmannaráðum allra aðildarfélaga ASÍ. Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi forseti bar ábyrgð á fundarferðinni í umboði miðstjórnar og skipulags- og starfsháttanefndar. Markmið fundanna var að fá fram viðhorf og væntingar félagsmanna til uppbyggingar og skipulags verkalýðshreyfingarinnar. Unnið var eftir svokallaðri miðlunaraðferð sem byggir á því að umræðurnar eru sýnilegar, málefnið er alltaf í miðpunkti en ekki það hver leggur það til. Eftirfarandi málefni voru tekin fyrir:

- Hlutverk ASÍ - Hvað á það að vera?
- Skipulag aðildar að kjarasamningum - Hvernig ætti það að vera?
- Skipulag ASÍ - Hvernig ætti það að vera?
- Jafnræði aðildarsamtaka innan stjórnskipulags ASÍ - Hvernig á það að vera?
- Jafnræði kynjanna innan stjórnskipulags ASÍ - Hvernig ætti það að vera og hvernig náum við því fram?
- Jafnræði höfuðborgar og landsbyggðar - Hvernig ætti það að vera?
- Staða ungs fólks innan ASÍ - Hver ætti hún að vera?

Unnið var með niðurstöður ferðarinnar í skipulags- og starfsháttanefnd sem lagði þær síðan fyrir fund formanna aðildarfélaganna. Eftir það vann skipulags- og starfsháttanefnd tillögur að laga-breytingum. Miðstjórn fjallaði um þær og í framhaldinu heimsótti forseti ASÍ stjórnir allra aðildarfélaga ASÍ og kynnti þær. Aftur var fjallað um málið á fundi formanna í september. Tillögurnar eru til afgreiðslu á ársfundi ASÍ 2010 og er megininntak þeirra eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að aðild að ASÍ breytist á þann veg að aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag verði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ.
- Í öðru lagi er lagt til að í stað ársfunda komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarsamtökum ASÍ.
- Í þriðja lagi er lagt til að fundur formanna aðildarfélags ASÍ verði formgerður í lögum ASÍ og komi saman milli þinga.





## Stefnumótun í lífeyrismálum

Í kjölfar þeirra áfalla sem lífeyrissjóðirnir urðu fyrir við efnahagshrunið urðu miklar umræður og gagnrýni á starfsemi sjóðanna, stjórnkerfi þeirra og fjárfestingar bæði í opinberri umræðu og á vettvangi verkálýðshreyfingarinnar. Umhverfi og starfsemi sjóðanna hefur breyst mikið á liðnum árum. Frá því að kjarasamningur aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál var endurskoðaður árið 1995 hefur t.a.m verið samið um aukin framlög til sjóðanna og gerðar breytingar á ávinnslu réttinda úr jafnri ávinnslu í svokallað aldurstengt kerfi. Þá hafa sameiningar bæði stéttarfélaganna og lífeyrissjóða leitt til þess að ekki eru lengur eins skýr skil og áður milli einstaka félaga og tiltekinna sjóða.

Til þess að bregðast við breytingum og gagnrýni var á ársfundi ASÍ 2009 samþykkt að fara í víðtæka umræðu meðal aðildarsamtakanna um málefni lífeyrissjóðanna með það að markmiði að endurskoða stefnu ASÍ í málaflóknum. Til þess að hefja þá vinnu boðaði lífeyrisnefnd ASÍ til tveggja daga stefnumótunarfundar á Selfossi í febrúar 2010 þar sem ríflega 100 fulltrúar frá aðildarfélagunum komu saman til að móta framtíðaráherslur hreyfingarinnar. Fundurinn var vel heppnaður, þátttaka í vinnunni góð og umræður líflugar. Skýr vilji var meðal fundarmanna að lífeyrissjóðakerfið grundvallist áfram á skylduáðild, samtryggingu, sjóðasöfnun og sjálfbærni kynslóðanna og að það sé jafnframt áfram hluti af kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins sem fari sameiginlega með ábyrgð á sjóðunum. Þá kom fram krafa um aukið gagnsæi í stjórnkerfi og upplýsingagjöf sjóðanna og áhersla á að sjóðirnir setji sér reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð. Rík áhersla var á að lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði verði jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna og sömuleiðis að skýra þurfi verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóðanna og auka áherslu á endurhæfingu þeirra sem missa starfsorkuna.

Út frá þessum megin niðurstöðum vann lífeyrisnefnd ASÍ tillögur að endurskoðun á stefnu ASÍ í lífeyrismálum og var hún kynnt á formannafundi aðildarfélaganna ASÍ í vor. Næstu skref eru viðræður við fulltrúa SA um kjarasamning ASÍ og SA um lífeyrismál og viðræður allra aðila vinnumarkaðarins um nýtt lífeyriskerfi.



## Aðildarviðræður við ESB og hagsmunir launafólks

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“ (Úr ályktun ársfundar ASÍ í október 2008).

Frá því að Alþingi samþykkti vorið 2009 að sækja um aðild að Evrópusambandinu hefur Alþýðusamband Íslands unnið markvisst að því að skilgreina samningsmarkmið og áherslur samtaka launafólks í aðildarviðræðunum. Í því starfi hefur verið byggt á þeim grunni sem lagður var á aukaársfundi ASÍ í mars 2009 og starfi sambandsins um árabíl. Þá ákvað Alþýðusambandið strax í upphafi að taka virkan þátt í undirbúningi viðræðnanna og síðan aðildarviðræðunum sjálfum. Hefur ASÍ m.a. leitað eftir samstarfi við samtök launafólks á Norðurlöndunum og á Evrópuvísu í þeirri vinnu til að tryggja sem best hagsmuni launafólks.

Þegar samningahópar stjórnvalda voru skipaðir lagði Alþýðusambandið ríka áherslu á að eiga a.m.k. einn fulltrúa í öllum hópunum. Á það var fallist. ASÍ hefur kappkostað að undirbúa fulltrúa sína sem best með námskeiðahaldi og upplýsingamiðlun. Einnig liggur fyrir hvernig staðið verður að málum af hálfu sambandsins og fulltrúum þess meðan á viðræðunum stendur.

Verkefni Alþýðusambandsins er jafnframt að upplýsa launafólk sem best um framgang viðræðnanna og efni samningsins þegar hann liggur fyrir. Markmiðið með aðkomu ASÍ að aðildarviðræðunum við Evrópusambandið er skýrt. Að ná eins hagstæðum samningi fyrir Ísland og íslenskt launafólk og kostur er. Samningurinn verður síðan lagður í dóm þjóðarinnar sem tekur sína ákvörðun í þjóðar-atkvæðagreiðslu.







## Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnu-  
markaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.  
Öll helstu samtök stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði eiga aðild að sjóðnum.

Meginverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- skipuleggja og fjármagna störf ráðgjafa sem starfa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og aðstoða einstaklinga sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda
- greiða kostnað vegna ráðgjafar, þjónustu og úrræða á sviði starfsendurhæfingar þar sem markmiðið er að auka vinnugetu einstaklinga.

Auk þessa sinnir sjóðurinn ýmsum öðrum verkefnum s.s. fjölbreyttri ráðgjöf, þekkingaröflun og þróun.

22 ráðgjafar eru nú starfandi hjá sjúkrasjóðum um allt land og hafa um 1300 manns notið þjónustu þeirra á undanförunu ári. Af þeim eru nú um 800 í reglulegum viðtölum og annarri þjónustu. Boðið er upp á fjölbreytta þjónustu, úrræði og stuðning sem miðar að því að auka starfsgetu einstaklinga. Lögð er áhersla á góða tengingu við atvinnulífið og að varðveita vinnusamband einstaklinga. Mörg dæmi eru um mjög góðan árangur af starfinu þar sem einstaklingar hafa náð aukinni starfsgetu og lífsgæðum fyrir tilstilli þjónustu ráðgjafa og fjölbreyttra úrræða sem fjármögnuð eru af Starfsendurhæfingarsjóði.

Mikil þróunarvinna og þekkingaröflun hefur ennfremur átt sér stað hjá sjóðnum, þar sem m.a. er unnið að þróun nýs starfshæfnismats, vinnuaðferða og verkferla sem tryggja faglega og góða þjónustu. Sjóðurinn hefur einnig gefið út töluvert fræðsluefni bæði fyrir einstaklinga, stjórnendur og fagfólk í starfsendurhæfingu.

Nánari upplýsingar um starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins [www.virk.is](http://www.virk.is)





## Flutningur félagslegrar fræðslu

Félagsmálaskólinn hefur undanfarin ár boðið trúnaðarmönnum og talsmönnum upp á trúnaðarmannafræðslu bæði í formi trúnaðarmannanámskeiða og einnig almennra námskeiða. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður með framlagi úr ríkissjóði. Framlagið fyrir árið 2010 var skorið niður um 40%. Vegna þessa niðurskurðar var ákveðið að hagræða í rekstri skólans með því að færa alla starfsemi er lýtur að félagslegri fræðslu á skrifstofu Félagsmálaskólans að Sætúni 1, en fram að því hafði Mímir símenntun ehf. séð um framkvæmd fræðslunnar fyrir hönd skólans. Þar á meðal skráningu á námskeið, kennsluástöðu, uppröðun námsþátta og kennslu á trúnaðarmannanámskeiðum.

Markmið fræðsluáðila er að efla hæfni og þekkingu og er breytingunni ætlað að efla enn frekar tengingu við félögin og félagsmenn. Með því að færa allt undir einn hatt myndast einnig betri möguleiki á að þróa enn frekar fræðsluna og þar með víkka út þá kennslu sem í boði er. Hugmyndir eru um að leggja grunn að öryggistrúnaðarmannafræðslu sem hingað til hefur verið í höndum Vinnueftirlitsins. Mikilvægt er að tengslin milli almennra trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna séu góð og sú fræðsla sem boðið er uppá fyrir trúnaðarmenn sé samskonar fyrir báða. Auka þarf samstarf við VIRK og þjónustumiðstöðvar stéttarfélaganna varðandi samspil og samvinnu trúnaðarmanna og ráðgjafa hjá VIRK. Hugmyndir eru einnig um að efla námsráðgjöf á vinnustað og koma á fræðslu-trúnaðarmanni, eins og tíðkast í Bretlandi.

Þekking og þróun áframhaldandi trúnaðarmannafræðslu er best geymd á einum stað. ASÍ hefur góðan aðgang að félagsmönnum og trúnaðarmönnum og er nú unnið markvisst að því að auka það tengslanet. Með því að færa alla umsýslu og fræðslu á einn stað eykst tilfinningin fyrir félagsaðild, við náum betri tengslum við félagsmenn og betri yfirsýn.



## Miðstjórn ASÍ

Miðstjórn ASÍ er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli ársfunda. Hlutverk hennar er að móta stefnu og félagspólitíska afstöðu ASÍ í samræmi við lög þess og samþykktir ársfunda. Ennfremur að bera ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og samtaka. Miðstjórn er kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár er forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur. Hitt árið er varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Við kosningu miðstjórnar er leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.


Á vegum miðstjórnar starfa margvíslegar nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og ársfunda.

### Nefndirnar eru:

*Alþjóðanefnd*  
*Atvinnumálanefnd*  
*Jafréttis- og fjölskyldunefnd*  
*Mennta- og útbreiðslunefnd*  
*Kjara- og skattanefnd*  
*Skipulags- og starfsháttanefnd*  
*Velferðarnefnd*  
*Vinumarkaðsnefnd*  
*Laganefnd*  
*Lífeyrisnefnd*  
*Launanefnd*  
*Starfs- og fjárhagsnefnd*

### Í miðstjórn ASÍ eru eftirtaldir:

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ	Til ársfundar 2010
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ	Til ársfundar 2011
Björn Snæbjörnsson, Eining-löja (SGS)	Til ársfundar 2010
Finnbjörn A. Hermannsson, Trésmiðafél. RVK. (SAMÍÐN)	Til ársfundar 2010
Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands	Til ársfundar 2011
Guðmundur Þórður Ragnarsson, VM (Bein aðild)	Til ársfundar 2010
Kristinn Örn Jóhannesson, VR (LÍV)	Til ársfundar 2011
Kristján Gunnarsson, VI. og sjóm. fél. Keflav. og nágr. (SGS)	Til ársfundar 2011
Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands (SGS)	Til ársfundar 2011
Sigurður Bessason, Efling (SGS)	Til ársfundar 2010
Sigurrós Kristinsdóttir, Efling (SGS)	Til ársfundar 2011
Stefanía Magnúsdóttir, VR (LÍV)	Til ársfundar 2010
Sverrir Mar Albertsson, Afl (SGS)	Til ársfundar 2011
Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands	Til ársfundar 2011
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA (LÍV)	Til ársfundar 2010



## Tímamót - 40 ár frá því grunnur var lagður að íslenska lífeyrissjóðakerfinu

Um miðjan sjöunda áratuginn var nokkur umræða um að ríkið ætti að beita sér fyrir stofnun sameiginlegs lífeyrissjóðs fyrir þá sem ekki væru tryggðir í sérsjóðum. Á þessum tíma voru lífeyrissjóðir eingöngu lögboðnir hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum sem hluti af lögum um kjör þessara stétta.

Almennur launamaður sem fór á lífeyri átti hins vegar engin lífeyrisréttindi önnur en í almannatryggingakerfinu. Árið 1969 voru greiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega 36 krónur á mánuði. Til samanburðar voru meðal mánaðarlaun fullvinnandi verkamanns 214 krónur. Greiðslur almannatrygginga voru því sex sinnum lægri en meðal verkamannalaun og það var því útilokað fyrir almennt launafólk að sjá sér farborða af lífeyrinum einum saman.

Nokkur vinna var lögð í undirbúning málsins og náðist samkomulag í kjarasamningum árið 1969 um að koma á fót lífeyrissjóðum. Í þessum samningi, sem var undirritaður 19. maí 1969, var ákvæði um að stofnaðir skyldu lífeyrissjóðir á félagslegum grunni fyrir allt launafólk innan ASÍ. Í samkomulaginu var kveðið á um skylduaðild að þessum sjóðum og hófust skyldugreiðslur í lífeyrissjóði 1. janúar 1970.

Lífeyrissjóðirnir eru grundvallaðir á hugmynd verkálýðshreyfingarinnar um samtryggingu og samhjálp. Þeim er ætlað að tryggja félögum sínum, mökum og börnum, sómasamlega afkomu ef atvinnutekjur bregðast vegna elli, örorku eða andláts. Réttur til lífeyris úr sjóðunum eykst því meira og lengur sem sjóðfélagi greiðir til sjóðsins.







## Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • 105 Reykjavík  
Sími: 53 55 600 • Fax: 53 55 601  
asi@asi.is • www.asi.is